

# VEFNIR

Tímarit félags um átjándu aldar fræði

KVISTUR

Leita

Leita í textum Félags um 18. aldar fræði  Leita í öllu efni á Kvisti

## Klassísk áhrif á latínukveðskap Íslendinga

Höfundur: Sigurður Pétursson  
Birtist í: Vefni: 2. vefriti 1999

Byggt á erindi sem flutt var 12. apríl 1997 á málþinginu Klassísk menning og ritstörf Íslendinga á 17. og 18. öld]

### . Um nám í latínuskólunum og kennslu í bragfræði og ljóðagerð

atnesk ljóðagerð var kennd í latínuskólunum í Skálholti og á Hólum í líklega meira en tvær aldir samfleytt, eða á síðari hluta sextándu aldar þar til að skólahald lagðist niður á þessum stöðum um aldamótin 1800. Jón Ólafsson úr Grunnavík (1705-79) sem stundað hafði nám í Hólaskóla 1720-22, minnst á þennan námsþátt í bókinni Hagþenki, sem hann samdi í Kaupmannahöfn árið 1737 en út kom í Reykjavík 1996 í umsjón Þórunnar ígurðardóttur. Rit þetta fjallar að nokkru leyti um hugmyndir Jóns um bestu hugsanlegu menntun hér á landi og því verður að varast að túlka orð hans sem lýsingu á hinu raunverulega ástandi hér á landi. Engu að síður efur rit Jóns að geyma merkar vísbendingar um menntamál átjándu aldar og ekki síður um reynslu og unnáttu höfundar á þessu sviði. Í fjórtánda kafla Hagþenkis farast Jóni svo orð um latínuskáldskap: "Þessu æst má hann (nemandinn) fullvel fara að lesa Prosodiam, hun talar um Qvantitatem Syllabarum, Pedes, Versus, adskilianleg genera carminum, og sijdst allra exercitia metrica, sem að taka einn locum úr einhverjum oëta, setia i prosam, og láta sidan Unglingenn setia i Vers. Það er nærstumm því sama, er menn kalla carmina acta. Þar nærst lese hann poëtas sem fyr eru greinder, og að giöra Vers, enn ei fyr, sem adur er sagt." (Jón Ólafsson 1996:44) Af þessum orðum Jóns svo og því sem á eftir fer í lýsingu hans á kennslu latneskrar bragfræði og ljóðagerðar er ljóst að hún tók mjög mið af verkum klassískra höfunda. Eðli málsins samkvæmt hlutu því að erða mikil klassísk áhrif í ljóðagerð af þessu tagi, einkum á meðan menn voru í námi og þeim var hreinlega tlað að nýta sér fyrirmyndir frá þessum tíma.

Ótt ráða megi af orðum Jón Ólafssonar að rækileg kennsla hafi farið fram í latneskri ljóðagerð í latínuskólunum almennt er engu að síður ýmislegt óljóst varðandi það hvernig þessi miðlun fór fram. Jón getur ess að vísu að á hans dögum brúki menn mest Prosodiam Smetii (Landsbókasafn: Smet, Henrich (1537-1614). 574. Prosodia in novam formam digesta. Amstelodami) og Claii (Claius, Johannes (1535-92). Prosodiae Johannis Claii ... libri tres. Fyrsta útgáfa 1576. Wittenberg) og Ærarium Poeticum (ekki er vitað með vissu við vaða verk er átt) til þess að breyta orðunum á ýmsa vegu og bætir síðan við "Fleira slikt seger hans informator onum" (Jón Ólafsson 1996:46). Þó að þessi verk hafi eflaust verið gagnleg og kennarinn ötull hefur þetta eitt arla dugað til þess að menn öðluðust þá leikni í latneskri ljóðagerð sem þeir sýndu er fimastir voru í þessari list. á grunnur sem þessir menn byggðu á spannaði miklu víðara svið en það eitt að geta bundið mál sitt á latínu. atnesk ljóðagerð varð því prófsteinn á almenna þekkingu höfundarins á latnesku máli og bókmenntum og renningu Grikkja og Rómverja í víðum skilningi. Gott latínuskáld sýndi afrakstur náms síns í heild.

Þessu námi hefur kennslan vissulega skipt miklu máli, ekki síst við aðstæður eins og á Íslandi þar sem ókaskortur var tilfinnanlegur. Þrátt fyrir takmarkaða vitneskju um ýmsa þætti námsins, má þó í meginatriðum era sér í hugarlund hvernig menn öfluðu sér þessarar víðfeðmu þekkingar. Í fyrsta lagi lærðu menn sinn Dónat, .e. safn beygingadæma, og síðan málfræði, *Grammatica*, og setningafræði, *Syntaxis*. Þetta var sú undirstaða æm varð að vera traust til þess að gerlegt væri að byggja ofan á hana. Í öðru lagi fóru menn svo fljótt sem auðið ar að lesa texta eftir helstu höfundum klassískrar latínu, bæði óbundins og bundins máls. Til eru nefndir öfundar eins og Cornelius Nepos (100-25 f. Kr.), Curtius (1. eða 2. öld e. Kr.), Sallustius (86-34 f. Kr.), Justinus 3. öld e. Kr.), Livius (59 f. Kr.-17 e. Kr.), Caesar (100-44 f. Kr.) og síðast en ekki síst Cicero (106-43 f. Kr.). Af káldum eru nefndir Plautus (250-184 f. Kr.), Terentius (190-159 f. Kr.), Phaedrus (1. öld e. Kr.), Ovidius (43 f. r.-17 e. Kr.), Vergilius (70-19 f. Kr.), Horatius (65-8 f. Kr.), Lucanus (39-65 e. Kr.), Statius (45-96 e. Kr.), atullus (87-54 f. Kr.), Tibullus (d. 19 f. Kr.), Propertius (50-15 f. Kr.), Juvenalis (60-140 e. Kr.), Persius (34-62 . Kr.), Martialis (40-102 e. Kr.), Lucretius (94-55 f. Kr.) og Manilius (1. öld e. Kr.). Varla hafa allir stúdentar erið vel að sér í öllum þessum höfundum en víst er að góðir námsmenn hafa náð að tileinka sér mikið af bestu ókmenntum fornaldar og um leið kynnst sögu, goðafræði, mælskulist og rökræðulist Grikkja og Rómverja.

Þriðja lagi var það sú kennsla í bragfræði og ljóðagerð sem Jón minntist á og bækur sem fjölluðu sérstaklega m þann námsþátt. Auk þess hafa menn eflaust stuðst við orðasöfn, orðabækur og eigin uppskriftir ef þeir undu ekki nákvæmlega atkvæðalengd orðanna. Þá voru og til söfn orðatiltækja og ýmis hjálparrit eins og *radus ad Parnassum* (Landsbókasafn: Aler, Paul. 1699. Gradus ad Parnassum. Coloniae Agrippinae) sem er ppflettirit sem sýnir lengd atkvæða í orðum og notkun þeirra í hinum ýmsu bragliðum og bragarháttum. Þótt essi bók hafi verið til hér á landi er þó með öllu óvíst hversu útbreidd notkun hennar hefur verið.

ví hefur nú þegar verið slegið föstu að um mikil klassísk áhrif hafi verið að ræða í latneskum kveðskap slendinga. Þar með er hins vegar ekki sagt að þau hafi verið jafn mikil hjá öllum þeim sem fengust við að yrkja á itínu eða af sama toga spunnin, sér í lagi eftir að hefðbundnu námi lauk. Viðfangsefni þessarar greinar er ekki ð sýna hve umfangsmikil klassísk áhrif hafi verið á þessu sviði heldur hvernig þau birtust. Áherslur manna í veðskap voru oft mjög mismunandi þannig að mikla breidd má finna í latneskri ljóðagerð Íslendinga, þó svo að issulega liggi um hana sameiginlegur þráður.

il hægðarauka hefur verið reynt að flokka þessi áhrif í nokkra meginflokka, þótt mörkin séu ef til vill ekki alltaf ýr. Hér er ekki um heildarúttekt að ræða en fyrst og fremst tilraun til þess að skýra hvernig menn sem fengust ið kveðskap á latínu nýttu sér hinn forna klassíska arf.

## 1. Bragarhættir

f við lítum fyrst á þá bragarhætti sem menn notuðu, er ljóst að algengast var að nota þá sem rómversku :órskáldin á 1. öld fyrir Krist hófu til vegs og virðingar í latneskri kvæðagerð og upprunalega voru komnir frá rikkjum. Allir þessir bragarhættir byggðust á mismunandi lengd atkvæða, þar sem löngum og stuttum tkvæðum var raðað saman eftir ákveðnum reglum. Vinsælastir voru hexameter, sem Vergilius hafði náð hvað æstri leikni í og elegískur bragarháttur sem Ovidius notaði af mikilli bragfimi. Þó svo að ljóðrænum ragarháttum, sem Horatius fagaði af alkunnri list, hafi verið miklu minna beitt, eru þó varðveitt ljóð eftir slendinga undir a.m.k. fjórtán mismunandi lýrískum bragarháttum. Á þessu sviði eru klassísk áhrif því bæði ugljós og mikil. Til eru þó undantekningar frá þessari meginreglu. Til að mynda orti Gísli Oddsson (1593-1638) kálholtsbiskup kvæði til Ole Worm undir dróttkvæðum hætti (JS 400a 4to) og Hjörleifur Þórðarson (1695-786) orti háttalykil á latínu undir íslenskum rímna og vísna bragarháttum, alls 44 erindi (Hjörleifur Þórðarson 318). Þá orti Kolbeinn Þorsteinsson (1731-1783) erfiljóð um Guðríði Gísladóttur biskupsfrú í Skálholti með okkeiskri hrynjandi en slíkt form var mjög algengt á miðöldum (Kolbeinn Þorsteinsson 1767).

## 2. Tungumálið

ungumálið miðast yfirleitt við klassíska latínu, þó svo að einstaka orð kunni að vera óklassísk, einkum sérnöfn æm klædd eru í latneskan búning. Í notkun tungumálsins má greina tvo þætti: almennt klassískt mál sem ekki

erður eignað neinum sérstökum höfundum og orð og orðatiltæki sem vísa til verka ákveðinna höfunda. Hvar iörkin liggja milli þessara tveggja þátta er erfitt að segja. Hinn klassíska orðaforði var sameign þeirra er á latínu krifuðu og því geta orð og orðatiltæki íslenskra latínuskálda verið frá mörgum komin. Því til sönnunar hversu rangt þeir héldu sig innan vébanda þessa orðaforða má benda á að það telst til undantekninga ef orð í þessum itneska kveðskap er ekki að finna í orðabókum klassískrar latínu. Ef athuguð eru dæmi og staðartilvitnanir í estu orðabókum kemur hins vegar einnig oft í ljós hvaðan orð og orðatiltæki eru komin, einkum ef þau eru aldgæf. Slík notkun var mjög oft af ráðnum hug og í þeim tilgangi að minna á fyrirmyndir og líkja eftir ekkum höfundum (imitatio), eins og nánar er vikið að í kaflanum um líkingar. Greinileg dæmi um orðanotkun f þessu tagi eru t.d. *humilisque myrica*, lágvaxið mjaðarlyng, sem rekja má til Vergiliusar, Ecl. IV, 2: *umilesque myricæ* (Eyjólfur Jónsson 1991, 352), *nomen et omen*, nafn og fyrirboði, sem leiðir hugann að lautusi, Persa IV, 625: *nomen atque omen* (Hans Bjarnason 1726; Páll Magnússon 1767, 129), *sic itur ad astra*, annig er farið til stjarna, þ.e. til himna og ódauðlegrar frægðar, sem finna má hjá Vergiliusi, Aen. IX, 641 Gunnar Pálsson 1767, 91) og *concordia discors*, sundurlynd samhertni, sem Lucanus notar í verki sínu sem oft nefnt Pharsalia, I, 98 (Hálfðan Einarsson 1783. Sbr. 4.2.9.).

## Þ. Efnistöð

### .1. Uppbygging kvæðisins

#### .1.1. Sönggyðjur og aðrir guðir

latínukveðskap er oft að finna ávarp til sönggyðjanna, músanna. Þær eru ákallaðar og beðnar að koma til þess þ blása skáldinu andagift í brjóst, eða þeirra er minnst á einhvern annan hátt. Sönggyðjurnar eru ýmist nefndar hóp eða aðeins ein, með almenna heitinu *Musae* eða *Musa* eða þær eru auðkenndar á einhvern hátt, t.d. *mea fusa*. Einnig er algengt að notaðar séu klassískar umritanir þegar þeirra er minnst, t.d. *Aonides*, *Pierides*, *astalides*, *Ardalides*. Einnig kemur fyrir að sönggyðjurnar séu nefndar nöfnum sínum, ein, fleiri eða jafnvel llar níu, t.d. *Calliope*, *Polyhymnia*, *Euterpe*, *Thalia*, *Clio* o.s.frv. Aðrir guðir eru og oft nefndir í latneskum væðum, og þá sér í lagi *Phæbus* og *Phæbe*, þ.e. Appollon og systir hans Artemis, Pallas Aþena, systurnar þrjár *es sorores*, skapanornirnar, einnig kallaðar *Parcæ*, og þokkagyðjurnar, *Charites* eða *Gratiae*.

#### .1.2. Retorísk bygging

nýlatneskum kveðskap má einnig finna dæmi um mjög retoríska uppbyggingu kvæðis, þar sem niðurskipan fnis byggist á reglum klassískrar retoríkur. Eitt besta dæmi þessa er kvæðið *Calliopes Respublica* eftir Jón ídalín, ort árið 1692. Í þessu mikla lofkvæði um ríki sönggyðjunnar Calliope sýnir skáldið ekki aðeins skáldgáfu nu heldur einnig lærdóm sinn og færni í hefðum klassískrar ræðulistar og reisir með því móti gyðjunni *Suada kahloltina*, þ.e. fortölugyðju Skálholts, merkan bautastein. Kvæðið skiptist greinilega í þrjá meginþætti: *xordium* eða *propositio* (1-13), *expositio* (14-285), sem síðan skiptist í smærri þætti í samræmi við það sem oðað var í inngangi kvæðisins, og loks lokakafli, *conclusio* (286-320) sem ber einkenni hvatningar, *hortatio* (Sigurður Pétursson 1994).

#### .1.3. Ákveðin klassísk fyrirmynd að uppbyggingu

æmi er til um það að heildaruppbygging kvæðis sé sótt til ákveðinnar fyrirmyndar í klassískum bókmenntum. Íá því líta svo á að hér sé um stælingu að ræða, og þá fyrst og fremst hvað hugmynd varðar frekar en orðalag. amskipti guða og manna eru velþekkt í hetjukvæðum Hómers svo og í Aeneasarkviðu Virgils. Þar hafa llympsguðir oft afskipti af gangi mála á jörðinni, ýmist beðnir eða óbeðnir. Þessi afskipti bera mismikinn rangur og stundum eru jafnvel guðirnir ekki megnugir þess að breyta orðnum hlut, því að meira segja þeir erða að lúta valdi örlaganna. Með þetta í huga yrkir Hjörleifur Þórðarson (1695-1786) erfiljóð um Ísleif inarsson sýslumann (1655-1720), þar sem réttlætisgyðjan Astræa fyllist harmi við lát Ísleifs, fer á fund úppítars á Ólympsfjalli og reynir með mikilli mælsku að fá hann til að breyta því sem gerst hefur. En Júppítar etur ekki orðið við bón Astræu. Bæði verða þau að sætta sig við ákvörðun skapanornarinnar, Lachesis. Í árabætur lofar Júppítar þó í lokin að hann skuli gera son Ísleifs, Jón (d. 1732), að lifandi eftirmynd föður síns. rfiljóð þetta er mjög ólíkt flestum erfiljóðum þessa tíma og ber í senn vott um það mikla rými sem var að finna

man hefðar latínukveðskapar og einstaka færni og smekkvísi skáldsins sem tekst að skapa dálítinn leikþátt í sviknum anda stórskálda fornaldar (Hjörleifur Þórðarson 1918-20).

#### .1.4. Líkingar

lassísk áhrif eru mjög áberandi í því hvernig líkingum er beitt í myndmáli nýlatnesks kveðskapar. Líkingar irtast ýmist sem þættir í meginuppbyggingu kvæðis eða hluta þess. Stundum eru þær tilgreindar beint, t.d. með röðunum *sic* og *ut* eða líkingin skilst á annan hátt. Líkingar geta verið með ýmsu móti:

##### .1.4.1. Líkingar almenns eðlis

essar líkingar eru oft notaðar til þess að lýsa eiginleika manns. Dyggð, *virtus*, Þórðar Þorlákssonar (1637-97) er d. líkt við tré með djúpum rótum sem getur vaxið og borið ávöxt (Þorsteinn Geirsson 1672). Guðríði ísladóttur (1707-66) biskupsfrú er líkt við blóm og ljóma ættjarðarinnar, *patriæ flosque jubarque suæ* (Bjarni ónsson 1767, 104) og staðfestu hennar er líkt við skip sem haggast ekki í stormi vegna þess að traust akkeri eldur því, ... *retinet quam fida salutis / Anchora, saxifrago navis nec solvitur æstu*, ... sem traust bjargræðis kkeri heldur og ekki brotnar skipið í þeim sjávangangi sem mylur klettinn (Bjarni Jónsson 1767, 102. Sbr. .2.12.).

##### .1.4.2. Manni eða hlut líkt við ákveðna persónu eða fyrirbæri

líkar líkingar vísa oft til alkunnra atburða eða hluta úr goðafræði eða sögu Grikkja og Rómverja. Í erfiljóði um ísla Magnússon (1621-96) sýslumann á Hlíðarenda segir Björn Þorleifsson (1663-1710) Hólabiskup að Gísli afi gert Ísland sér skuldbundið með starfi sínu í þágu laga eins og Pompilius konungur hafi skuldbundið Róm g Sólun Apenuborg (Björn Þorleifsson 1704). Jóni Vídalín (1666-1720) og postillu hans er líkt við Herakles og irskelluna sem hann flæmdi Stymfalsfugla á brott með. Stymfalsfuglar eru hér tákn hins illa (Steinn Jónsson 718-20). Jóni Vídalín er einnig líkt við risann á eyinni Ródos sem lýsti mönnum (Guðmundur Steinsson ergmann 1718-20). Áðurnefnd Guðríður Gísladóttir biskupsfrú verður hetjulegar við dauða sínum en hin gæta Camilla sem Vergilius segir lesendum sínum frá af mikilli snilli í elleftu bók Aeneasarkviðu (Gunnar álsson 1767, 90).

##### .1.4.3 Óbeinar líkingar

ess háttar líkingar eru oft í einstökum hlutum kvæða og verða menn iðulega að lesa líkinguna út úr efnislegu amhengi textans. Er þá stundum verið að lýsa ákveðnu ástandi eða ferli og jafnvel verið að líkja eftir (imitatio) ða minna á verk eða einstaka hluta þess eftir þekktu höfunda. Í þakkarkvæði til norskra presta árið 1776, sem fnt höfðu til samskota til handa íslenskum prestum í þrengingum þeirra af afleiðingum fjárkláðans á Íslandi, ækir Gunnar Pálsson (1714-91) án efa efni úr fyrstu eklógu Vergiliusar. Frá ljóðlínu 86 og til loka ríkir úkolískur andblær í kvæðinu og orðin *pascite*, beitið, *felices*, sæl, *pecus*, kvikfénaður, og *grex*, hjörð, sem öll oma fyrir með stuttu millibili gegna öll mikilvægu hlutverki í eklógu Vergiliusar. Samanburðurinn ristir enn ýpra því að í eklógunni er minnst á smit sauðfjársjúkdóma og munurinn á stöðu Íslands og Noregs á sér vissa amsvörun í vesöld Meliboeusar og hagsæld Tityrusar sem eru aðalpersónur eklógunnar (Gunnar Pálsson 1776).

kvæðinu *Calliopes Respublica* (278-82) lýsir Jón Vídalín því hvernig drengur með sóthita er fenginn til þess ð drekka beiskt meðal með því að borið er hunang á bikarinn. Í þessari lýsingu endurómar kafli úr verkinu *De erum Natura* (I, 936-42) eftir rómverska skáldið Lucretius. Að vísu er orðanna hljóðan nokkuð ólík, en þó oma lykilorðin *poculum*, bikar, *amarus*, beiskur, og *mel*, hunang, fyrir á báðum stöðum (Sigurður Pétursson 994). Í erfiljóði um Guðríði Gísladóttur líkir Einar Jónsson (1712-88) lífi manna og öryggisleysi við það að erast milli Scylla og Charybdís, *Ehev! mortales inter S<c>yllum atqve Carybdim / versantur timidi; tutus ab oste nemo*, Ó vei! dauðlegir menn velkjast kvíðafullir milli Skyllu og Karybdís; enginn er öruggur fyrir óvini num. Hér er myndmál líkingarinnar greinilega sótt til frásagnarinnar af viðureign Ódysseifs við óvættirnar ær Skyllu og Karybdís, eins og henni er lýst í tólfta þætti Ódysseifskviðu (Einar Jónsson 1767, 136). Til þess að ýna lítillæti eða gera lítið úr sjálfum sér eða kvæði sínu líkir Gunnar Pálsson sér við gæs sem gargar á meðal ljómfagurra álfta: *Permitte argutos interstrepant anser olores, / quo mage cygneis afficiare modis*, Leyf að

æsin gargi meðal hljómfagurra álfta, til þess að þú hrífist því meir af svanasöng. Hér beitir höfundur greinilega *mitatio*" þar sem hann líkir eftir svo ekki verður um villst orðum sem finna má í níundu eklógu (36) *ergiliusar, argutos inter strepere anser olores* (Gunnar Pálsson 1767, 89).

### .1.5. Allegoría

llegoríu köllum við það meðal annars þegar lýsing eða frásögn tákna eitthvað annað en orðanna hljóðan veður á um. Dæmi um slíkt tjáningarform má finna í brúðkaupskvæði sem Eyjólfur Jónsson (1670-1745) síðar restur á Völlum orti 1696 (Eyjólfur Jónsson 1991). Í septembermánuði það ár gekk Einar Þorsteinsson (1633-6) Hólabiskup að eiga Ragnheiði Jónsdóttur (1646-1715) ekkju Gísla biskups Þorlákssonar (1631-84). rúðgumi var 63 ára að aldri og brúður fimmtug. Í kvæðinu lýsir höfundur meðal annars þessu sérstaka hausti æm er þrungid lífskrafti líkt og vor og óttast ekki kulda sem framundan er. Eðlilegt er að túlka þetta sem llegoríu fyrir aldur brúðhjónanna sem óneitanlega mátti líta á sem haustdaga lífsins enda voru góðar óskir öfundar lítills megnugar því að Einar biskup lést tæpum mánuði eftir brúðkaupið. Nokkuð vinsælt virðist hafa verið að líkja brúði í brúðkaupskvæði við tunglgyðjuna, Phæbe, Diana (Skúli Þorláksson 1658) og rúðgumanum jafnvel við sólgúðinn, Sol, Phæbus (Skúli Þorláksson 1658). Þessar líkingar geta einnig birst í örmí allegoríu, t. d. í kvæði Eyjólfssonar, þar sem Phæbus og Hecate eru trúlega tákmyndir Einars og agnheiðar þótt þess sé ekki getið beinum orðum (Eyjólfur Jónsson 1991, 348).

## .2. Stílbrögð

latneskum kveðskap var algengt að beita stílbrögðum. Flest þeirra má rekja til grískrar skáldskaparhefðar, eins g reyndar heiti þeirra benda oft til. Mjög var misjafnt hversu mikið höfundar beittu þessu stílvopni og reyndar r þessi þáttur latínuskáldskapar lítt kannaður. Þau dæmi sem nefnd eru í því sem hér fer á eftir byggjast engan eginn á skipulegri rannsókn heldur eru þau valin til þess að gefa sýnishorn af því hvers íslensk latínuskáld voru ægnug í þessum efnunum.

### .2.1. Metafora (*translatio*): myndhverfing, myndhvörf

etta stílbragð er mikið notað og birtist í mörgum myndum. Til dæmis leiftrar maður sökum dyggðar eða uðrækni sinnar, *virtute coruscans* (Bjarni Jónsson 1767) og *pietate coruscans* (Hálfðan Einarsson 1781). orgin Stafangur brennur af kappi, *hoc accensa Stafangria zelo* (Hálfðan Einarsson 1781) og af voninni leggur irtu, *affulget Spes* (Hálfðan Einarsson 1778). Maður í þungu skapi er keyrður sporum þunglyndis og reiði, *istitiæ stimulis compulsus et iræ* (Jón Þorkelsson 1910, 315), ungum manni er lýst sem að hann sé í upphafi lóma sinnar æsku, *primo flore juventæ* (Eyjólfur Jónsson 1991, 352) og mælskur maður má sín mikils með okkafullum straumi tungunnar, *grato præpollens flumine lingvæ* (Eyjólfur Jónsson 1991, 354). Ragnheiður iskupsfrú er kona sem ljómar af gjöfulem dyggðum, *matrona micans virtutibus almis* (Eyjólfur Jónsson 1991, 51) og þess er vænst að hún verði ætíð eins og vínviður fullþroska af klösum dyggða sinna, *virtutum pulchros æmper matura racemos* (Eyjólfur Jónsson 1991, 355).

### .2.2. Metonymia (*denominatio*): "nafnskipti"

Metonymia birtist meðal annars sem efni í stað afurðar. Purpuralituð klæði voru taldar miklar gersemar í örnöld. Var liturinn unninn úr snigli sem einkum fannst við stendur Föníkíu við botn Miðjarðarhafs. Í káldamáli var litarefnið, blóð snigilsins, eða jafnvel snigillinn notaður til þess að tákna afurðina. *Sarranum strum*, Verg. G. 2, 506 (Eyjólfur Jónsson 1991, 354) merkir samkvæmt orðanna hljóðan snigilsblóð frá orginni Sara sem var annað nafn á borginni Týros í Föníkíu sem fræg var fyrir vinnslu á purpuralit. Vergilius g Eyjólfur Jónsson nota þetta orðalag hins vegar til að lýsa því sem unnið hefur verið úr purpuralituðum úknunum. Metonymia er það einnig kallað þegar goð er notað í stað áhrifasvæðis þess. *Thetis piscosa* (Jón ónsson 1783) er hin fiskisæla Þetis, en hún var sjávargyðja, dóttir Nerevsar sjávarkonungs. Hér er því vísað til afsins og fiskigengdar þess, þó svo að varast beri að leggja of mikið upp úr skrautyrðinu (*epitheton ornans*) *iscosa*.

### .2.3. *Synekdoche (comprehensio): "meðskilningur"*

etta stílbragð er vel kunnugt sem pars pro toto (hluti í stað heildar). *Tectum*, þak, er t.d. oft notað í stað húss. *'ecta Olympi* eru þá húsin á Ólymposfjalli; þ.e. bústaðir guðanna. Í kristnu samhengi merkir þetta orðalag innaríki og hér er því einnig um umritun að ræða (Jón Árnason 1739). *Carina* merkir kjölur og líkt og *puppis*, kutur, er það notað til að tákna skip (Jón Þorkelsson 1910, 322, 321).

### .2.4. *Periphrasis (circumscriptio): umritun*

Umritanir geta verið margs konar og er hér einungis tekin nokkur dæmi og eins og sjá má vísa þau mörg á einn þá annan hátt til guða eða þekktara persóna úr heimi sögu eða hetjusagna. Stjórnmalamaðurinn og thöfundurinn Marcus Tullius Cicero (106-43 f. Kr.) hefur gjarnan verið talinn meistari latneskrar mælskulistar g eru áhrif hans á því sviði ómæld. Þegar fortölugyðjan, *Pitho*, er nefnd hin Túllíska, *Pitho Tullia*, er í senn eríð að beita metonymiu og umritun. Heiti gyðjunnar er notað til þess að tákna eiginleika hennar og verksvið, mælskuna, *eloquentia*. Hin Túllíska fortölugyðja verður þá að mælsku Ciceros sem í raun merkir hinn mælski Cicero (Jón Jónsson 1783). *Aurora lachryma* merkir orðrétt tár morgungyðjunnar Áróru en er umritun á dögg Hálfðan Einarsson 1781).

Ílestur konungur í Pylos á Grikklandi, sem var mönnum kunnur úr Hómerskvæðum, varð langlífur mjög. Mörg dæmi má finna um að menn umriti langlífi með einhverri skírskotun til Nestors. Til dæmis *longos Nestoris annos*, löng ár Nestors (Þórður Vídalín 1688), *Pylio ævo*, Pýlískur aldur (Gissur Bjarnason 1672), *annos Pylios*, ýlísk ár (Jón Jónsson 1672), *Pylios annos*, Pýlísk ár (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *annis Nestoreis*, ár Ílestors (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1298 4to) og *Nestoreæ senectæ*, elli Nestors (Eyjólfur Jónsson 1991, 356; Lbs 1251 4to). Arganthonius konungur í Tartessus á Spáni varð einnig gamall mjög og því mátti hæglega tákna umlífi með því að tala um Arganthonísk ár, *Arganthoniacos annos* (Eyjólfur Jónsson 1991, 355).

Íritverjar höfðu orð á sér fyrir að vera svikulir og því merkir krítversk tryggð, *Cretica fides*, hreinlega svik (Gísli Iagnússon 1691). Samkvæmt einni sögusögn var Cadmus upphafsmaður stafrófsins. Hinar dökkleitu dætur admusar, *Cadmi nigellæ filia* eru stafirnir í stafrófinu (Árni Þorvarðsson 1692) og sömuleiðis niðjar admusar, *Cadmi Soboles* (Árni Þorvarðsson 1692). Í héraðinu Aóníu á Grikklandi var að finna heimkynni renntagýðjanna, músanna. Vegir og leiðir um lendur Aóníu, *Aoniis viis*, tákna því menntun og nám (Sveinn Jónsson 1672). Til þess að yrkja þurftu menn á aðstoð músanna að halda enda verða afkvæmi þeirra, *Musarum ætus*, kvæði (Jón Árnason 1739). Ekki gleymdu menn þeim þrautum sem Herkúlesi var gert að inna af hendi g umritunin *Herculeos labores* tákna þvi mikið erfiði og átak (Jón Þorkelsson 1910, 345). Loks má geta umritunar sem er almenns eðlis og ekki kennd við neitt sérnafn. Þegar talað er um blóð þrúgunnar, *sanguis vae* (Brynjólfur Sveinsson, Ad beatam virginem, JS 318 4to), er vitanlega átt við safu hennar eða öllu heldur ína fullunnu afurð vínið.

### .2.5. *Antonomasia (pronomination): kenning, umritun*

etta stílbragð er stundum notað til að tákna ákveðna persónu eins og þegar Árni Magnússon (1663-1730) er allaður hinn íslenski Varro, *Islandus Varro* (Jón Þorkelsson 1910, 347). Marcus Terentius Varro (116-27 f. Kr.) er einn þekktasti og virtasti fjölfræðingur Rómverja og því var varla hægt að hlaða Árna meira lofi en að líkja onum við þennan mikla lærdómsmann fornaldar.

### .2.6. *Litotes: úrdráttur*

Úrdráttur er mikið notaður og er hér aðeins tekið eitt algengasta dæmið, *neconon*, sem í raun merkir "og ekki kki". Seinni neitunin upphæfur þá fyrri og merkir orðasambandið og eða einnig (t.d. skólasveinar á Hólum 592, JS 400b 4to).

### .2.7. *Iteratio: klifun*

#### .2.7.1. Anaphora: forklifun, endurtekning orða í upphafi tveggja eða fleiri setninga

*'audeant ... Gaudeant ... Gaudeant*, Fagni þeir o.s.frv. (skólasveinar á Hólum 1692, JS 400b 4to), *Vivito ...*

*vivo* ... *Vivito*, Lifi hann o.s.frv. (skólasveinar á Hólum 1692, JS 400b 4to), *Quid* ... *Quid*, Hvað ... hvað (Eyjólfur Jónsson 1991, 354), *Unde* ... *Unde*, Hvaðan ... hvaðan (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *Quis neget* ... *vis neget*, Hver mundi bera á móti því ... hver mundi bera á móti því (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *Sic* ... *ic*, Þannig ... þannig (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *Cur mihi non* ... *Cur mihi non*, Hvers vegna ekki mér ... vers vegna ekki mér (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *I* ... *I*, Far þú ... far þú (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *e* ... *Te*, Þig ... þig (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *Vive* ... *Vive*, Lífðu ... lífðu (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to), *ernis hunc* ... *Cernis hunc*, Þú sérð hann ... þú sérð hann (Jón Árnason 1739).

#### .2.7.2. Traductio: endurtekning orðs í mismunandi myndum

em dæmi um slíkt orðalag má nefna *varias varia res ratione*, ýmsa hluti með ýmsu móti (Hálfðan Einarsson 781), *Vivite felices, felici vivite cursu*, Lífið gæfusöm, lífið gæfusömu hlaupi (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to) og *læc hilaris hilarat*, þetta gleður hina glöðu (Eyjólfur Jónsson 1991, 353).

#### .2.8. Apostrophe (allocutio): ávarp

önd eru stundum ávörpuð til áherslu eða hvatningar eins og þegar Jón Vídalín (1666-1720) hvetur Ísland til ess að hafa sig upp úr sorg sinn vegna láts Þórðar Þorlákssonar (1637-97). Þar segir hann *Surge, age, et aërios tolle Islandia cirros*, Heyr þú Ísland, rís með haddinn reistan himinháan (Jón Þorkelsson Vídalín, In Obitum . Mag. Theodori Thorlacii). Og til að vekja athygli danskra stjórnvalda á stöðu Íslands er Danmörk ávörpuð á infaldan en áhrifamikinn hátt með orðinu *Dania!* (Hálfðan Einarsson 1781).

#### .2.9 Oxymoron: n.k. þversögn

etta stílbragð vísar meðal annars til þess þegar tveim hugtökum sem virðast andstæð og ósamrýmanleg er aðað saman. T.d. *discordia concors* sem þýða mætti með orðunum samhuga sundurlyndi (Hálfðan Einarsson 781), og *concordia discors* sem merkir sundurlynd einhertni (Hálfðan Einarsson 1783. Sbr. 3.).

#### .2.10. Interrogatio: spurning, þ.e. retorísk spurning

líkri spurningu er oft beitt til þess að tákna fyrirfram ákveðið neikvætt svar. Til dæmis *Quis neget* ... *Quis eget?*, Hver mundi bera á móti því ... hver mundi bera á móti því? (Eyjólfur Jónsson, Lbs 1251 4to. Sbr.

.2.7.1.). Svarið er enginn.

#### .2.11. Dubitatio: hik, oftast í formi spurningar

líkar spurningar eru oft notaðar til að tákna hik og óvissu eða jafnvel til þess að sýna að þeim sem spyr finnst kveðin athöfn fráleit eða furðuleg. Spyrjandi er oft í fyrstu persónu. *Quid multis referam?*, Hvers vegna ætti ég þ fjölyrða (um þetta)? (Jón Jónsson 1672).

#### .2.12. Traiectio (hyperbaton): fleygun

að fyrirbæri þegar orð sem standa málfræðilega saman eins og t.d. nafnorð og lýsingarorðseinkunn eru skilin andur af einu eða fleiri orðum. Þetta er mjög algengt í latínu bæði í óbundnu og bundnu máli. Til dæmis *ixifrago navis nec solvitur æstu*, og ekki brotnar skipið í þeim sjávargangi sem mylur klettinn (Bjarni Jónsson 767, 102).

#### .2.13. Hypallage adiectivi

inkum notað um lýsingarorð sem stendur með öðru nafnorði en það á við í raun og veru. Til dæmis *Hæv! quia i thalami gloria nostra jaces*, Ó vei, þar sem okkar frægð hjónabands er úti (orðrétt) í stað Ó vei, þar sem ægð hjónabands okkar er úti (Páll Jakobsson 1767, 112), *certa violentia lethi*, vís grimmd dauðans í stað rimmd dauðans vísa (Kort Ólafsson 1767, 124).

#### .2.14. Personificatio

essu stílbragði er beitt þegar dauðir hlutir og hugtök eru gerð að lifandi þátttakendum í því sem er verið að ísa. Til dæmis Suada: fortölur > fortölugyðja (Sigurður Pétursson 1994), Agathosyne, góðsemin (Jón Jónsson 783), *Et nostris fletus fletibus adde* (Islandia) tuos!, Og auk þú (Ísland) gráti þínum við minn! (Jón Þorkelsson

ídalín, In Obitum ... Mag. Theodori Thorlacii) og *flet sancta Ecclesia mater*, grætur heilög kirkjan móðir (Jón ídalín, In Obitum ... Mag. Theodori Thorlacii).

#### .2.15. Chiasmos: krossbragð

rossbragð nefnist það þegar samsvarandi setningarliðir eru endurteknir í öfugri röð (a+b:b+a). Til dæmis *Et incertam garrula fama fidem*, Og masandi mælgín gerir trúnað ótryggan (Jón Þorkelsson 1910, 314), *In scriptis vivis, vivis in ore virum*, Í ritum þú lifir, lifir á tungu manna (Gunnar Pálsson, Lbs 1298 4to), *Invenit itæ gaudia vera novæ*, (hún) hefur fundið sannan fögnuð nýs lífs (Jón Scheving 1767, 116) og *omnia sub leges iors vocat atra suas*, myrkur dauðinn kveður allt undir sín lög (Teitur Ólafsson 1767, 126).

#### .2.16. Klimax: stígandi

tígandi getur birst með ýmsu móti. Til dæmis með sama lýsingarorði sem fer stighækkandi, *sis notus - sis otior - notior - notissimus*, megir þú vera kunnur - kunnari - kunnari - kunnastur (Eyjólfur Jónsson 1991, 355).

#### .2.17. Hendiadyoin

etta stílbragð felur í sér að tvö orð, oftast nafnorð sem standa hliðstætt, eru notuð til þess að tákna eitt hugtak þá fyrirbæri. Þegar Hálfðan Einarsson talar um *proceres pietasque*, höfðingjar og guðrækni, á hann greinlega ið *proceres pii*, guðræknir höfðingjar, eða *procerum pietas*, guðrækni höfðingja (Hálfðan Einarsson 1781).

#### .2.18. Akrostikhon: griplur

krostikhon eða griplur er það kallað í kvæði þar sem fyrstu bókstafir í hverri braglínu eða í fyrstu línu hvers rindis mynda nafn eða setningu. Í kvæði sem Brynjólfur biskup Sveinsson orti til Jespers Rasmussen rochmand (1585-1652) er bæði um akrostikhon og telestikhon að ræða. Það sem lesið er úr fremstu og öftustu öfum hverrar braglínu er GASPARUS ERASMIUS BROCMANN og er kvæðið líklega ort á fjórða áratug 17. ldar (JS 92 8vo, JS 400a 4to). Annað dæmi höfum við um akrostikhon og telestikhon í einu og sama kvæðinu ar sem lesið er úr upphafsstaf hvers erindis og síðan úr síðustu stöfum erindanna. Það er í kvæði sem síra olbeinn Þorsteinsson í Miðdölum orti 1776 til að þakka norskum prestum fyrir veittan fjárstuðning enda eru kilaboðin sem fást úr upphafs- og endastöfum þessi: SIS SALVA MATER NORVEGIA ORAT NATIO TUA SLANDICA, megir þú heil vera móðir Noregur, þess biður íslensk þjóð þín (Kolbeinn Þorsteinsson 1776).

#### .2.19 Telestikhon: griplur

elestikhon er það kallað í kvæði þar sem síðustu bókstafir í hverri braglínu eða í lok hvers erindis mynda nafn þá setningu. Sjá 4.2.18. Akrostikhon.

## ;. Niðurlag

ramangreind dæmi sýna glögglega hversu fjölbreytt klassísk áhrif á latínukveðskap Íslendinga voru. Sumt af ví sem þar birtist var vissulega kennt í latínuskólunum og allir sem útskrifuðust þaðan hafa kunnað rundvallaratriði þeirrar íþróttar að semja bundið mál á latínu, hvort sem þeir fengust eitthvað við það að kólanámi loknu eða ekki. En á þessu sviði eins og á flestum öðrum í mannlegu lífi var mikill munur á mönnum g hæfni þeirra. Þess vegna hafa menn erlendis gjarnan viljað greina á milli "versificatores" sem e.t.v. mætti alla braggerðarmenn og þeirra sem kalla má með réttu skáld og báru af öðrum á þessu sviði. Erfitt getur reynst þ skilgreina mörkin sem liggja þar á milli og ekki skal reynt hér að flokka íslensk latínuskáld á þeim orsendum. Þó skal þess getið að sú andagift sem sönggyðjurnar á Helíkonsfjalli blésu Íslendingum í brjóst var mismikil eftir mönnum og aðstæðum. Hins vegar er engum blöðum um það að fletta að sú fræðsla sem fram fór amkvæmt menntakerfi því sem Jón Ólafsson lýsir skilaði miklum árangri. Hún skipaði Íslendingum á bekk ið öðrum þjóðum Vesturálfu við varðveislur sameiginlegs menningararfs, sem í aldaraðir auðgaði og örvaði ndlegt líf íslenskra lærdómsmanna, eins og latínukveðskapur þeirra ber glöggan vott um.

## Teimildaskrá

### þrentaðar heimildir:



bs 1026 4to (kveðskapur eftir Jón Þorkelsson Vídalín).

bs 1251 4to (kveðskapur eftir Eyjólf Jónsson á Völlum).

bs 1298 4to (kveðskapur eftir Eyjólf Jónsson á Völlum og Gunnar Pálsson í Hjarðarholti).

S 318 4to (Ad beatam virginem eftir Brynjólf Sveinsson).

S 400a 4to (kveðskapur eftir Gísla Oddsson og Brynjólf Sveinsson).

S 400b 4to (kveðskapur skólasveina á Hólum 1692).

S 92 8vo, 26r-v (kveðskapur eftir Brynjólf Sveinsson).

### **rentaðar heimildir:**

rni Þorvarðsson. 1692a. "Ad ... M. Theodorum Thorlacium." Paradisar lykill. Skálholt.

rni Þorvarðsson. 1692b. "Libellus Lectori." Calendarium Perpetuum:116-7. Skálholt.

jarni Jónsson. 1767. "Nænia ... Gudridæ Gislavi Filiæ." Lijkpredikun ... Gudrijdar Gisladottur:100-4. kaupmannahöfn.

jörn Þorleifsson. 1704. "Piissimis manibus ... Gislavi Magnæi" Útfararminning Gísla Magnússonar:B2. Hólar.

inar Jónsson. 1767. "In Funus ... Gudridæ Gislavi Filiæ." Lijkpredikun ... Gudrijdar Gisladottur:136-7. kaupmannahöfn.

yjólfur Jónsson. 1991. Sjá Sigurður Pétursson. 1991. Leuven.

issur Bjarnason. 1672. "Omnipotens Dominus rerum cui summa potestas." Panegyris Gratulatoria in honorem ... Dn. M. Theodori Thorlacii:4v-5r. Kaupmannahöfn.

ísli Magnússon. 1691. "Ad ... Dn. Theodorum Thorlacium." Sa store catechismus. Skálholt.

uðmundur Steinsson Bergmann. 1718-20. "Eruditi sui seculi Phænici ... Dn. Mag. Iohanni Vidalino." Hussostilla, edur einfalldar predikaner ... gjörðar af ... Mag. Jone Thorkels syne Vídalín. Hólar. Ný útgáfa 1995. ídalínspostilla:869-71. Reykjavík.

unnar Pálsson. 1767. "Ad Dn. Finnonem Jonæ ... super morte ipsius uxoris Gudridæ Gislavi Filiæ." Lijkpredikun ... Gudrijdar Gisladottur:88-93. Kaupmannahöfn.

unnar Pálsson. 1776. Charis Islandica. Kaupmannahöfn.

ans Bjarnason. 1726. "Piissimis Manibus ... Dn. Sigurdi Biørnonii." Einföld Lijk Predikun Hr. Sigurdar iørnssonar:L-L2. Hólar.

álfdan Einarsson. 1781. Devotissimis precibus ... pro Cleri Christiansandensis ... munificentia. Christiansand.

álfdan Einarsson. 1783. Occasione ... Sacri Ministerii. Kaupmannahöfn.

ljörleifur Þórðarson. 1918-20. "In tristes exeqvias ... Islebi Enari." Blanda I:8-10. Reykjavík.

ljörleifur Þórðarson. 1918. Háttalykill Hjörleifs prófasts Þórðarsonar. Reykjavík.

lugtök og heiti í bókmenntafræði. Jakob Benediktsson ritstýrði. 1989 (frumútgáfa 1983). Reykjavík.

ón Árnason. 1739. "In Dactylismum Ecclesiasticum ... Dn. Mag. Jonæ Arnæi." Dactylismus Ecclesiasticus. kaupmannahöfn.

ón Jónsson. 1672. "Tandem fausta dies, resplendet ab æthere celso." Panegyris Gratulatoria in Honorem ... Dn. I. Theodori Thorlacii:3v-4r. Kaupmannahöfn.

ón Jónsson. 1783. "Plurimum reverendorum ... in Norvegia Antistitum ... Liberalitatem." Kaupmannahöfn.

ón Ólafsson. 1996. Hagþenkir. Þórunn Sigurðardóttir sá um útgáfuna. Reykjavík.

ón Scheving. 1767. "Parentalia ... Gudridæ Gislavi Filiaë." Lijkpredikun ... Gudriðdar Gísladóttur:115-7. kaupmannahöfn.

ón Þorkelsson Vídalín. S.a. In Obitum ... Mag. Theodori Thorlacii. Kaupmannahöfn.

ón Þorkelsson Vídalín. S.a. In Exequias ... Gislavi Magnæi. Kaupmannahöfn.

ón Þorkelsson. 1910. "Latínukveðskapur Jóns skólameistara Þorkelssonar." Æfisaga Jóns Þorkelssonar I:267-67. Reykjavík.

ólbeinn Þorsteinsson. 1767. "Elegia." Lijkpredikun ... Gudriðdar Gísladóttur:94-5. Kaupmannahöfn.

ólbeinn Þorsteinsson. 1776. Eleemosynæ Norvegicæ. Kaupmannahöfn.

ort Ólafsson. 1767. "In Laudem ... Gudridæ Gislavi Filiaë." Lijkpredikun ... Gudriðdar Gísladóttur:124-5. kaupmannahöfn.

enge, Hermann. 1965. Repetitorium der lateinischen Syntax un Stilistik. Vierzehnte Auflage. München.

áll Jakobsson. 1767. "Domus Amplissimæ Familiæqve Illustrissimæ Sol ... Gudridæ Gislavi Filiaë." Lijkpredikun ... Gudriðdar Gísladóttur:108-14. Kaupmannahöfn.

áll Magnússon. 1767. "In Obitum ... Gudridæ Gislavi Filiaë." Lijkpredikun ... Gudriðdar Gísladóttur:128-9. kaupmannahöfn.

igurður Pétursson. 1991. "Nuptiæ Holanæ." Humanistica Lovaniensia XL:336-56. Leuven.

igurður Pétursson. 1994. "Jonas Widalinus Thorkilli Filius:Calliopes Respublica."

cta Conventus Neo-Latini Hafniensis:807-15. New York.

jöstrand, Nils. 1960. Ny latinsk Grammatik. Lund.

kúli Þorláksson. 1658. Solennibus nuptiarum sacris ... Dn. Gislai Thorlacii ... nec non ... Groæ Thorlevi F(iliaë). kaupmannahöfn.

teinn Jónsson. 1718-20. "Viro ... Dn. Mag. Ionæ Thorkeli Vidalino." Huss-postilla, edur einfalldar predikaner . gjörðar af ... Mag. Jone Thorkels syne Vídalín. Hólar. Ný útgáfa 1995. Vídalínspostilla:866-7. Reykjavík.

veinn Jónsson. 1672. "Qui sua continuo macerabant membra labore." Panegyris Gratulatoria in Honorem ... n. M. Theodori Thorlacii:2r-v. Kaupmannahöfn.

eitur Ólafsson. 1767. "Elegeion ... Gudridæ Gislavi Filiaë." Lijkpredikun ... Gudriðdar Gísladóttur:126-7. kaupmannahöfn.

usculum-Lexikon griechischer und lateinischer Autoren des Altertums und des Mittelalters. Dritte, neu bearbeitete und erweiterte Auflage von Wolfgang Buchwald, Armin Hohlweg und Otto Prinz. 1982. Darmstadt.

orsteinn Geirsson. 1672. "Scilicet ut fixis alte radicibus hærens." Panegyris Gratulatoria in Honorem ... Dn. M. heodori Thorlacii:3r-v. Kaupmannahöfn.

órður Þorkelsson Vídalín. 1688. "Viro ... Mag. Theodoro Thorlacio." Landnáma. Skálholt.